

Ár 1992, miðvikudaginn 16. september, var í málínu nr. 2/1992 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R D U R:

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. þann 6. mars s.l. barst Yfirlasteignamatsnefnd kæra frá Elíasi Eyberg Olasyni kt. 260930-4199, Stóragerði 8, Hvolsvelli, vegna fasteignamats á sumarhúsi hans í landi Kirkjulækjar 2 í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýlu, svohljóðandi:

"Eg undirritaður legg hér með fram kæru vegna meðhöndlunar fasteignamatsins á Selfossi og fasteignamats ríðisins Reykjavík á sumarhúsi mínu og landi sem er tvíbúið að hækka í mati á tímabilinu 1990 og 1991.

Þá legg ég ennfrekar fram athugasemd vegna mats er gert var á sumarhúsi Ragnhildar Pálsdóttur sem er við hliðina á okkar lóð og var endurmetið í september 1991 á þeim forsendum að það væri gert vegna tengsla eða vensla og finnst mér það furðuleg vinnubrögð. Enginn hefur óskað eftir þessum mótum."

Um mat á sumarhúsi Ragnhildar Pálsdóttur er fjallað í öðrum úrskurði nefndarinnar.

Föstudaginn 8. maí s.l. fór nefndin á staðinn og skoðaði umræddaeign í fylgd eigendanna Elíasar Eyberg Olsonar og Sigrúnar Fríðar Pálsdóttur. Í för voru einnig forstjóri Fasteignamats ríkisins Magnús Ólafsson og Samúel Smári Hreggviðsson, forstöðumaður umdæmisskrifstofu FMR á Selfossi. Eigendur lögðu fram teikningar af sumarhúsinu, sem byggt er í áföngum, en elsti hluti þess er talinn byggður 1977.

Í málínu liggja einnig fyrir all-itarlegar upplýsingar frá umdæmisskrifstofu FMR á Selfossi, s.s. mæling á stærð húss og lóðar ásamt ljósmyndum af húsi. Samkvæmt framangreindum gögnum þá er heildarstærð húss, í núverandi mynd þess, 46,4 m<sup>2</sup> og landstærð 6500 m<sup>2</sup> og er í eftirgreindum úrskurði, um fasteignamat, miðað við þær stærðir, sem nefndin hefur yfirfarið og telur réttar.


Land það sem sumarhúsið stendur á er skipt út úr landi jarðarinnar Kirkjulækjar 2, en sú jörð er í eigu fjölskyldu annars eiganda framangreinds sumarhúss og ekki í neinum tengslum við hefðbundna sumarhúsabyggð. Niðurstöður nefndarinnar eru þær að framangreint land, að stærð 6500 m<sup>2</sup>, sé hæfilega metið á kr. 195 þúsund og sumarhúsið, 46,4 m<sup>2</sup> að stærð, á kr. 998 þúsund, hvort tveggja miðað við þá fasteignaskrá er út var gefin þann 1. desember 1991.


ÚRSKURÐARORD:

Fasteignamat framangreinds sumarbústaðar í landi Kirkjulækjar 2 í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu ákveðst þannig:

Land að stærð 6500 m<sup>2</sup> er metið á kr. 195 þúsund og sumarhús að stærð 46,4 m<sup>2</sup> er metið á kr. 998 þúsund. Hvort tveggja samkvæmt þeirri fasteignaskrá er út var gefin þannig 1. desember 1991.

  
Pétur Stefansson

  
Andés Svanbjörnsson

  
Guðný Björnsdóttir